

8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður annast öruggan og vistlegan viðskilnað við, húsið samkvæmt forsógn húsvarðar eða annars trúnaðarmanns húsnefndar.

9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræsting þess. Árlega skal fara fram ræsting alls hússins.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri, gripheldri girðingu, er haldið sé vel við.

11. gr.

Fánastöng skal koma fyrir við húsið. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með eðlilegt viðhald og endurbætur fyrir augum.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

15. gr.

Reglur þessar eru settar með skírskotun til 8. gr. laga nr. 107 28. október 1970, um félagsheimili, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 19. júlí 1972.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

REGLUR

um rekstur félagsheimilisins Árnass.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Árnes í Gnúpverjahreppi, Árnassýslu. Lóðin er gefin af Valantínusi Jónssyni, bónda, Réttarholti og er ca. 100 000 fermetrar að stærð. Mörkum ræður þjóðvegurinn að sunnan, landamerki Réttarholts og Stóra-Hofs að vestan og Kálfá að norðan, en girðing að austan. Eigendur félagsheimilisins eru Gnúpverjahreppur, Ungmennafélag Gnúpverja og Kvenfélag Gnúpverja.

2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Stjórn hvers félags, sem er meðeigandi heimilisins, kys einn mann í nefndina og annan til vara til sama tíma. Húsnefndin skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal vera eigi síðar en 31. marz ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara stjórnendur allra þeirra félaga, sem eru eigendur félagsheimilisins. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning hússins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarstjórnarmanna. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár.

Eigendafundur fullgildir fjárhagsáætlunina, og má eigi efna til verulegra útgjalda nema eigendafundur samþykki, og á það jafnt við um rekstrargjöld og stofnkostnað. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Húsnefndarmenn hafa hver um sig eitt atkvæði á aðalfundi og hver félagsstjórn þrjú atkvæði.

Félagsstjórnir skýra frá því á aðalfundi, hvern þær hafa valið af sinni hálfu í húsnefnd næsta ár.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess. Afrit af ársreikningnum skal senda félagsheimilasjóði.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. að ráða húsörð, þar sem þess er þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt;
- b. að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn;
- c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra;
- d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;
- e. að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar, tækja og áhalda.
- f. að sjá um að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni.
- g. að sjá um að húsið sé hæfilega hitað og lýst.
- h. að sjá um að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu greiða leigu fyrir afnot hússins.

Skylt er að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, innan sama byggðarlags afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu, sker menntamálaráðuneytið úr.

6. gr.

Leigu fyrir afnot hússins skal ákveða svo háa, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

8. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

9. gr.

Húsnefnd setur nánari reglur varðandi umgengni og hegðun samkomugesta og auglýsir þær í húsinu sjálfu. Þá getur hún svipt þá, er gegn þeim brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

10. gr.

Í félagsheimilinu ber að hlíta ákvæðum gildandi áfengisлага á hverjum tíma.

11. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 107 28. október 1970, um félagsheimili, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 19. júlí 1972.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

REGLUR

um félagsheimilið Vífilfell.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Vífilfell, í Garðahreppi, Gullbringusýslu. Eigandi félagsheimilisins er Skátafélagið Vífill, Garðahreppi.

2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún er þannig skipuð: 1) formaður, 2) gjaldkeri, 3) ritari. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Húsnefndin skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fund, er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund ef $\frac{1}{3}$ nefndarmanna æskir.

Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal haldinn í maí ár hvert. Skal þangað kvödd með viku fyrirvara stjórn félagsins. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun félagsheimilisins á næsta ári.

Fjárhagsáætlunin skal vera svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað.

Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Húsnefndarmenn hafa hver um sig eitt atkvæði á aðalfundi og félagsstjórn þrjú atkvæði.

Félagsstjórn skýrir frá því á aðalfundi, hverja hún hefur valið í húsnefnd næsta ár. Aðalfundur kýs síðan oddamann, ef með þarf. Afrit af ársreikningum félags-